

## Skil skólastiga

Gerður G. Óskarsdóttir. (2012). *Skil skólastiga: Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla*. Reykjavík: Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið og Háskólaútgáfan. 309 bls.

Síðastliðið haust kom út bókin *Skil skólastiga* eftir Gerði G. Óskarsdóttur. Þetta er mikið rit, rösklega 300 blaðsíður og í nokkru stærra broti en gengur og gerist. Gerður hefur mikla og víðtæka reynslu af skólastarfi. Hún hefur verið kennari á þremur skólastigum, stjórnað bæði grunn- og framhaldsskóla, stýrt kennaranámi framhaldsskólakennara við Háskóla Íslands, verið ráðgjafi menntamálaráðherra og fræðslustjóri í Reykjavík. Þar var hún yfir bæði leik- og grunnskólum. Nú stýrir hún Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Jafnframt hefur hún stundað rannsóknir á skólastarfi. Hún hefur því með einhverjum hætti starfað á öllum skólastigunum.

Bókin lýsir niðurstöðum viðamikillar rannsóknar á skólastarfi í fjórum árgöngum á þremur skólastigum, leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskólastigi, og skilunum milli þeirra, eins og segir í inngangi bókarinnar. Í bókinni eru tíu kaflar, en hún skiptist í meginatriðum í fjóra hluta. Hver kafli getur staðið sjálfstæður enda gerir höfundur ráð fyrir að einstakir kaflar höfði til mismunandi lesendahópa. Þannig er hægt að velja úr ákveðna kafla og fá góða yfirsýn yfir starf á einu eða tveimur skólastigum, starfshætti í námi og kennslu eða skil milli skólastiga. Þetta eykur gildi bókarinnar en hefur í för með sér einhverjar endurtekningar sem engan veginn trufla þó þá sem kjósa að lesa alla bókina.

Í inngangi gerir Gerður grein fyrir tilurð rannsóknarinnar og markmiði og uppbyggingu bókarinnar. Þetta er vel gert og gefur glögga mynd af því sem framundan er.

Fyrsti hluti bókarinnar skiptist í tvo kafla. Sá fyrri greinir ítarlega frá baksviði rannsóknarinnar sem skiptist í þrjú lykilþemu, þ.e. umgjörð skólastarfs, starfshætti og tengsl skólastiga. Hugtök eru skýrð, greint frá kenningum um þáttaskil í námi, fjallað rækilega um ytri umgjörð skólastiganna þriggja og tengsl þeirra og að síðustu er greint frá rannsóknarspurningum. Í þessum kafla er vitnað til innlendra og erlendra rannsókna á þessum sviðum, farið yfir þá þróun sem kemur fram í lögum og reglugerðum

og greint frá áhugaverðum þróunarverkefnum sem unnin hafa verið í tengslum við skil skólastiga. Þetta er einstaklega gott og áhugavert yfirlit. Í lok hvers undirkafla setur höfundur síðan fram ályktun sem hún byggir á því sem fram kom í kaflanum. Seinni kafla þessa hluta bókarinnar greinir frá framkvæmd rannsóknarinnar. Hún náði til þrjátíu leik-, grunn- og framhaldsskóla í Reykjavík. Gerðar voru vettvangsskannanir, tekin viðtöl, lagðar fyrir spurningakannanir og rýnt í fyrirbyggjandi gögn. Lýsingin á rannsókninni er bæði skýr og greinargóð.

Annar hluti bókarinnar, fjórði til sjötti kafla, fjallar um skil milli leik- og grunn-skóla. Í fjórða kafla er lýsing á síðasta ári leikskóla út frá lykilþemum rannsóknarinnar. Fimmti kafla lýsir á sama hátt fyrsta ári í grunnskóla. Kaflarnir eru ítarlegir og lýsingar á starfinu afar greinargóðar. Í rammagreinum eru beinar frásagnir úr starfinu, brot úr viðtölum eða nánari skýringar sem dýpka lýsingarnar og skýra enn betur. Sem dæmi má nefna Heimsókn fimm ára barna í 1. bekk nágrannagrunnskóla, Dæmi um verkefni stuðningsfulltrúa og Dæmi um leik í 1. bekk undir stjórn kennara. Sjötti kafla þessa hluta er svo samanburður og umræða um skil þessara skólastiga.

Í þriðja hluta bókarinnar, sjöunda til níunda kafla, er sams konar umfjöllun um skil milli grunn- og framhaldsskóla. Það vekur athygli að þó að hver skóli marki sér ákveðna stefnu eru starfshættir skóla á hverju stigi býsna líkir og á það við um öll skólastigin. Gerður skiptir starfsháttum á síðasta ári leikskóla og 1. bekk grunnskóla í fjóra flokka. Þó nokkur munur er á flokkunum á hvoru skólastigi enda er kennara-stýring mun meiri í grunnskóla en leikskóla. Starfshættirnir í 10. bekk og 1. bekk framhaldsskóla eru sex og eru þeir hinir sömu, þ.e. hlustun og umræður, áhorf og umræður, bókleg einstaklingsverkefni, verkleg einstaklingsverkefni, bókleg samvinnuverkefni og að síðustu verkleg samvinnuverkefni. Starfsháttum í grunn- og framhaldsskóla skiptir hún í þrjú þrep eftir virkni kennarans eða hvort nemandi eða kennari tekur ákvarðanir um viðfangsefni og aðferðir. Flokkunarkerfi af þessu tagi er afar gagnlegt verkfæri fyrir kennara og skóla til að meta og þróa starfshætti sína. Það er nefnilega oft nokkurt bil á milli þess sem kennarar og skólar segjast gera eða vilja gera og þess sem er í raun. Það kemur fram í þessari rannsókn. Ein af niðurstöðum rannsóknarinnar eru sú að hlustun og umræður ásamt bóklegum einstaklingsverkefnum skipa öndvegi í starfsháttum í grunn- og framhaldsskólum. Jafnframt er frumkvæði nemenda fremur lítið. Það eru vissulega vonbrigði – en kemur svo sem ekki á óvart – enda samhljóða niðurstöðum annarra rannsókna sem gerðar hafa verið hér á landi. Það vekur athygli hversu lítil samskipti eru almennt milli skólastiga og hversu illa kennarar eru upplýstir um það sem verið er að gera á næsta skólastigi. Þá vekur einnig athygli að upplýsingatækni gegnir litlu hlutverki í starfsháttum bæði í 10. bekk grunnskóla og 1. bekk framhaldsskóla. E.t.v. verður breyting á því nú með spjaldtölvunum sem hafa haldið innreið sína í skólakerfið. Þær bjóða upp á mun meiri sveigjanleika í notkun og eru auk þess ódýrari en sá búnaður sem skólarnir hafa verið með fram að þessu.

Í fjórða hluta bókarinnar, tíunda kaflanum, lítur höfundur yfir verkið í heild. Niðurstaðan er sú að skilin tvenn séu mjög lík. Það er mikil samfella í umgjörð og starfsháttum á hvorum tveggja skilunum en ákveðið afturhvarf verður í inntaki náms og sjálfræði þegar nemandi fer upp á næsta stig. Í framhaldinu horfir höfundur fram á

vegin og setur fram tillögur um umbætur, þróunarstarf og frekari rannsóknir. Hér er höfðað til löggjafans og skólayfirvalda en ekki síst skólanna sjálfra.

Uppbygging bókarinnar er einstaklega góð. Kaflafyrirsagnir eru skýrar og lýsandi og flýta mjög fyrir leit að ákveðnum þáttum. Í kaflanum um baksvið rannsóknarinnar eru ályktanir höfundar dregnar skýrt fram að lokinni umfjöllun um einstök atriði. Hið sama gildir um meginniðurstöður þeirra kafla sem lýsa árunum sem til umfjöllunar eru hverju fyrir sig. Bókin er vel skrifuð og á góðu og fjölbreyttu máli sem gerir hana þægilega aflestrar. Textar í römmum draga fram áhugaverðar myndir úr skólastarfinu og einnig viðhorf nokkurra kennara og nemenda sem tóku þátt í rannsókninni. Nokkrar töflur eru í bókinni og eru þær skýrar og einfaldar. Frágangur er allur til fyrirmyndar.

Þessi bók hefur mikið gildi sem fræðirit um skólamál og ekki síður sem handbók fyrir kennara, skólastjórnendur og alla þá sem vinna að skólamállum. Rannsóknir á starfsháttum í íslenskum skólum eru af skörum skammti. Það þarf mikinn tíma og þolinmæði til að vinna slíkar rannsóknir enda krefjast þær þess að rannsakendur sitji í kennslustundum og fylgist með því sem þar er verið að fást við. Til þess að fá góða mynd þarf að verja í þetta ærnum tíma. Þó svo að viðfangsefni bókarinnar eigi við um skil skólastiga og þá fjóra árganga sem þar mætast er skírskotun hennar miklu viðtækari. Hún gagnast öllum kennurum á skólastigunum þremur. Því er oft haldið fram að kennarar og skólastjórnendur nýti sér ekki rannsóknir á skólastarfi til að þróa og bæta starf sitt. Það má til sanns vegar færa en bók Gerðar getur svo sannarlega nýst til að bæta þar úr.

Gerður G. Óskarsdóttir er í hópi framsæknasta skólafólks á Íslandi. Hún hefur verið í fararbroddi í skólaþróun um árabíl og lagt margt merkilegt til málanna. Þessi bók er enn eitt framlag þessarar merku skólakonu til skólaþróunar á Íslandi.

## UM HÖFUNDINN

*Hafsteinn Karlsson* (hafsteinn@salaskoli.is) er skólastjóri Salaskóla í Kópavogi. Hann lauk BA-prófi í íslensku árið 1981 og prófi til kennsluréttinda árið 1984 frá Háskóla Íslands. Hann brautskráðist með meistarapróf í stjórnun frá Kennaraháskóla Íslands árið 2007. Fagleg áhugamál Hafsteins beinast einkum að þróun starfshátta og notkun upplýsingatækni í skólastarfi.